

Ágúst 2022



HVATARBLAÐIÐ

GRÍMSÆVINTÝRI

Á BORG 6. ÁGÚST

Dagskrá frá 13.00-16.30

TOMBÓLA - KLIFURVEGGUR - BLÚNDUKAFFI

MARKAÐUR - SÍRKUS ANANAS - SLACKLINE ICELAND

TINTRON - LEIKFÉLAGIÐ BORG - POPP OG CANDYFLOSS

TOMBÓLA - MIÐAVERÐ 400KR - ENGIN NÚLL

Frítt í sund á meðan hátíðinni stendur - flott tjaldsvæði á staðnum

ÖLL VELKOMIN - Frír aðgangur



Grímsævintýri á Borg er litil sveitahátíð í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps. Hátíðin er styrkt af Grímsnes- og Grafningshreppi.

529. fundur 6. júlí 2022 kl. 09:00 - 11:30
Stjórnsýsluhúsinu Borg



Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 242. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 22. júní 2022.

Mál nr. 21, 22, 23, 24, 25, 26 og 31 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 242. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 22. júní 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 21: Athafnasvæði við Sólheimaveg; Deiliskipulag - 2204019

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg eftir kynningu. Skipulagssvæðið skiptist upp í 52 lóðir og gilda sérskilmálar fyrir hverja lóð. Gert er ráð fyrir heimild fyrir hreinlegan léttan iðnað og athafnastarfsemi á svæðinu. Skipulagssvæðinu mun verða skipt upp í framkvæmdaráfanga til að stuðla að hagkvæmni og heildstæðu yfirbragði byggðar. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir uppbyggingu á 12 lóðum, 15 í öðrum áfanga, 13 í þriðja og 12 í fjórða. Lóðir er á bilinu 1.575 m² til 2.400 m². Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan nýs aðalskipulags sveitarfélagsins sem hefur verið samþykkt af sveitarstjórn til gildistöku eftir auglýsingu.

Mál nr. 22: Kerhraun svæði A, B og C; Frístundabyggð; Endurskoðað deiliskipulag - 2201063.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Kerhóla svæðis A, B og C eftir auglýsingu. Gildandi deiliskipulag fyrir Kerhraun var staðfest 17. nóvember 1999.

Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á deiliskipulaginu síðan það tók gildi. Tillagan er sett fram sem nýtt deiliskipulag og tekur til allra þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á upprunalegu deiliskipulagi svæðisins. Með gildistöku þessa deiliskipulags falla úr gildi öll ákvæði eldra deiliskipulags. Tilgangur skipulagsgerðarinnar er að uppfæra eldra skipulag í samræmi við núgildandi lög og skilgreina helstu bygginga- og framkvæmdaskilmála innan svæðisins með skýrum hætti. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu skipulagsins eftir auglýsingu og felur skipulagsfulltrúa að annast samskipti við málsaðila og vinnluaðila deiliskipulagsins um viðbrögð við þeim umsögnum sem bárust vegna málsins.

Mál nr. 23: Stangarlækur 2 L208879; Fyrirspurn - 2206039.

Lögð er fram fyrirspurn frá Ástgeiri Rúnari Sigmarssyni er varðar Stangarlæk 2 L208879. Í fyrirspurninni felst að óskað er heimildar til að stofna nýja lóð og vinna deiliskipulagsbreytingu fyrir nýtt einbýlishús úr landi Stangarlækjar 2 L208879. Áætluð stærð lóðar er 40x40m eða 1600m², áætluð staðsetning kemur fram á fyrirspurnarmynd. Áætlað hámarks byggingarmagn á reitnum yrði um 80m². Til viðbótar í deiliskipulagsbreytingu verður óskað eftir að bæta við byggingarreit fyrir stakstæðan bílskúr við núverandi íbúðarhús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að sótt verði um breytingu á deiliskipulagi svæðisins á grundvelli fyrirspurnar.

Mál nr. 24: Villingavatn L170951; Viðbygging; Fyrirspurn - 2106134.

Lögð er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar er varðar viðbyggingu við sumarhús á lóð Villingavatns L170951.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn en bendir á að umsóttar viðbyggingar mega ekki fara nær árbakka en núverandi hús gera nú þegar.

Mál nr. 25: Gatfellsskáli, Skjaldborg og Lambahlíðar; Skipulagslýsing; Deiliskipulag - 2206049.

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til deiliskipulagstillagna fyrir fjallaselin Gatfellsskála, Skjaldborg og Lambahlíðar. Gatfellsskáli er í Bláskógabyggð en í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps, Skjaldborg er í Bláskógabyggð og þar eru skálar í eigu beggja sveitarfélaga. Lambahlíðar eru í Grímsnes- og Grafningshreppi og eru skálar þar í einkaeigu. Með gerð deiliskipulags verður settur rammi um starfsemi á hverju svæði og framkvæmdir verða í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Sveitarstjórn samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 26: Kringla 2 (L168259); umsókn um byggingarheimild; tvö gestahús – 2206057.

Fyrir liggur umsókn Kristjáns Andréssonar fyrir hönd Jóhanns Baldurssonar og Ingibjargar G. Geirsdóttur, móttækin 14.06.2022, um byggingarheimild fyrir tvö 35 m² gestahús á jörðinni Kringla 2 L168259 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn mælist til þess að frekari uppbygging á sambærilegum húsum innan svæðisins verði háð gerð deiliskipulags og eftir atvikum og umfangi skilgreiningu verslunar- og þjónustusvæðis á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Mál nr. 31: Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-166 - 2206003F.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. júní 2022.

b) Fundargerð 99. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 3. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 5. fundar stýrihóps heilsueflandi samfélags Grímsnes- og Grafningshrepps, 4. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 6. fundar stýrihóps heilsueflandi samfélags Grímsnes- og Grafningshrepps, 30. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 21. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 21. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 22. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 47. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 10. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 48. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 49. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 3. fundar seyrustjórnar, 14. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn vill þakka Jóni G. Valgeirssyni sérstaklega fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélaganna í seyruverkefninu.

k) Fundargerð aukaaðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, 16. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð aukaaðalfundar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga, 16. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð aukaaðalfundar Sorpsstöðvar Suðurlands, 16. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð 584. fundar stjórnar SASS, 24. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o) Fundargerð 910. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 20. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

p) Fundargerð 911. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Ráðning sveitarstjóra.

Lagður fram til staðfestingar ráðningarsamningur sveitarstjóra 2022-2026.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráða lðu Marsibil Jónsdóttur sem sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps kjörtímabilið 2022-2026. lða mun hefja störf þann 25. júlí næstkomandi.

Fulltrúar minnihluta vilja bóka athugasemd við ráðningarferli við ráðningu sveitarstjóra þar sem þeim var ekki boðið að vera viðstaddar viðtöl við umsækjendur og fengu ekki gögn eða aðrar upplýsingar um umsækjendur fyrr en það var gert opinbert.

3. Reglur um sölu eigna í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggja drög að reglum um sölu eigna í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða reglur um sölu eigna í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps.

4. Siðareglur kjörinna fulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lagðar fram siðareglur kjörinna fulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps sem samþykktar voru 6. maí 2015. Samkvæmt 29. gr.

sveitarstjórnarlaga skal ný sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til endurskoðunar þeirra.

Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til endurskoðunar siðareglanna og halda þær því gildi sínu og verður Innviðaráðuneytinu tilkynnt um þá niðurstöðu. Siðareglurnar voru undirritaðar og verða birtar á heimasíðu sveitarfélagsins og kynntar nefndum sveitarfélagsins.

5. Reglur um kjör og starfsaðstæður sveitarstjórnar og nefndarmanna í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggja drög að reglum um kjör og starfsaðstæður sveitarstjórnar og nefndarmanna í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða reglur um kjör og starfsaðstæður sveitarstjórnar og nefndarmanna í Grímsnes- og Grafningshreppi.

6. Samþykktir fyrir samráðshóp um málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggja samþykktir fyrir samráðshóp um málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykktir fyrir samráðshóp um málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi.

7. Samningur um rekstur félagsmiðstöðvar með Bláskógabyggð.

Fyrir liggur samningur milli Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshrepps um rekstur félagsmiðstöðvar. Um er að ræða samning um starfrækslu félagsmiðstöðvar fyrir ungmenni úr Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

8. Ársreikningur UMF Hvöt 2021.

Ársreikningur Ungmennafélagsins Hvatar fyrir árið 2021 lagður fram til kynningar.

9. Ársreikningur samtaka orkusveitarfélaga 2021.

Ársreikningur samtaka orkusveitarfélaga fyrir árið 2021 lagður fram til kynningar.

10. Kynning frá fulltrúum Íþróttafélags Uppsveita – ÍBU.

Á fundinn komu fulltrúar Íþróttafélags Uppsveita, ÍBU, Matthías Bjarnason og Sólmundur Magnús Sigurðarson og gerðu grein fyrir félaginu og starfsemi þess. Jafnframt sat Guðrún Ása Kristleifsdóttir heilsu- og tómstundfulltrúi fundinn.

Sveitarstjórn þakkar fyrir góða kynningu og yfirferð á starfsemi félagsins og felur Smára Bergmann Kolbeinssyni að vinna áfram að málinu og mæta á sameiginlegan fund sem boðað verður til á næstu vikum.

11. Bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna umsóknar um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Innviðaráðuneytinu dagsett 14. júní 2022, varðandi umsókn um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga til úrbóta á aðgengismálum á grundvelli a-liðar 3. gr. reglna 280/2021. Þar er tilkynnt að Grímsnes- og Grafningshreppur fær úthlutað 702.022 kr. til verkefnisins.

Lagt fram til kynningar

12. Bréf frá Innviðaráðuneytinu til sveitarstjórnar vegna stefnumótunar í þremur málaflokkum.

Fyrir liggur bréf frá Innviðaráðuneytinu dagsett 20. júní 2022, vegna stefnumótunar í þremur málaflokkum. Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga 2019-2033 og Landsskipulagsstefnu 2015-2026 ásamt því að móta nýja húsnaðisstefnu. Með hliðsjón af samþættingu áætlana innan ráðuneytisins fer gagnaöflun að hluta til fram sameiginlega vegna þessara þriggja áætlana. Leitast er við að sveitarstjórnir veiti upplýsingar inn í svokallaðar grænbækur í málaflokkunum þremur. Óskað er eftir því að sveitarstjórnir skili inn upplýsingum í síðasta lagi 31. júlí næstkomandi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óska eftir frest til loka ágúst og samþykkir að halda vinnufund eftir hádegi 17. ágúst þar sem farið verður í að svara fyrirspurn ráðuneytisins.

13. Kostnaður við sveitarstjórnarkosningarnar 14. maí 2022 .

Fyrir liggur bréf frá landskjörstjórn, dagsett 30. júní 2022, vegna kostnaðar við sveitarstjórnarkosningarnar 14. maí 2022. Landskjörstjórn er samkvæmt 1. mgr. 12. gr. kosningalaga nr. 112/2021 sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 1. mgr. 139. gr. laganna greiðist kostnaður við sveitarstjórnarkosningar, þ.m.t. kostnaður við kjörgögn og áhöld er landskjörstjórn lætur í té af sveitarfélögum. Kostnaður Grímsnes- og Grafningshrepps er samtals 36.668.- kr. Lagt fram til kynningar.

14. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2022.

Fyrir liggur að aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. var haldinn þann 29. júní 2022.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða að Ragna Björnsdóttir hafi verið fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

15. Ársfundur náttúruverndarnefnda.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun., dagsett 30. júní 2022, þar sem kynnt er að ársfundur náttúruverndarnefnda verði haldinn 10. nóvember næstkomandi.

Sveitarstjórn samþykkir að aðalmönnum í sveitarstjórn standi til boða að mæta á fundinn. Jafnframt vísar sveitarstjórn erindinu til Loftslags- og umhverfisnefndar og hvetur aðalmenn í nefndinni til að skoða þátttöku í fundinum.

16. Persónuvernd ársskýrsla 2021.

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Persónuverndar árið 2021.

17. Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Jafnréttisstofu., dagsett 21. júní 2022, þar sem kynnt er að Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga verði haldinn 15. september 2022 í Menningarhúsinu Hof.

Lagt fram til kynningar.

18. Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2022.

Fyrir liggur bréf frá Ungmennaráði Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), dags. 14. júní 2022, þar sem tilkynnt er að ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2022 verði haldin í Héraðsskólanum á Laugarvatni dagana 9.-11. september n.k.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúum ungmennaráðs sem hafa náð 16. ára aldri standi til boða að sækja ráðstefnuna og felur Guðrúnu Ásu Kristleifsdóttur heilsu- og tómstundafulltrúa að vinna málið áfram.



Skáknámskeið



Ungmennafélagið Hvöt og Grímsnes- og Grafningshreppur bjóða öllum krökkum fæddum 2006-2016 á skáknámskeið dagana 15.-16. ágúst.

Námskeiðið verður haldið í Félagsmiðstöðin á Borg.

Kennari á námskeiðinu eru Birkir Karl Sigurðsson skákkennari.

Skráning á námskeiðið fer fram inni á gogg.is eða með því að senda tölvupóst á gudrunasa@gogg.is sem veitir einnig nánari upplýsingar um námskeiðið. Skráningu lýkur 7. ágúst.

Lágmark 10 þátttakendur þarf til að námskeiðið verði haldið.

Hópaskipting fer eftir fjölda þátttakenda en kennslan fer fram að degi til og koma nánari upplýsingar um það þegar fjöldi þátttakenda liggur fyrir.



Kæru íbúar,

Mig langaði til að senda nokkrar línur um sveitina nú þegar vika er liðin frá því ég tók við starfi sem sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ég hef komið mér vel fyrir á Borg og notið bjartviðrisins upp á síðkastið, fengið mér göngutúra um svæðið og keyrt um sveitina, fengið gott kaffi á Grænu Könnunni á Sólheimum og frábæran mat á Minni-Borgum svo fátt eitt sé nefnt. Ég hef mætt jákvæðni hvar sem ég hef komið og er virkilega þakklát fyrir hlýjar og góðar móttökur.

Kvenfélagið er þessa dagana að vinna að undirbúningi fyrir Grímsævintýrin sem eru næstkomandi laugardag. Það er virkilega ánægjulegt að sjá þennan viðburð fara aftur af stað eftir tveggja ára hlé vegna heimsfaraldursins. Maður er manns gaman svo ég vonast til að sjá ykkur sem flest, frítt verður í sund á meðan á hátíðinni stendur sem er frá 13:00 til 16:30 og ýmislegt spennandi á dagskránni, eitthvað fyrir alla.

Nú styttest í haustið og þá fer allt að færast í sínar föstu skorður, starfsemi Kerhólsskóla fer af stað síðar í ágúst og verður gaman að sjá aukið líf færast í byggingar okkar á Borgarsvæðinu. Sá árstími sem nú fer í hönd hefur ákveðinn sjarma yfir sér, ágústkvöldin geta verið hlý en rökkrið lætur á sér kræla svo það er um að gera að njóta þess. Ég hlakka til samstarfsins við ykkur sem er framundan og mun leggja mig alla fram um að vinna samfélaginu í hag.



Iðna Marsibil Jónsdóttir,
sveitarstjóri

Vinnuskólanum lauk 29. júlí



Í sumar hefur vinnuskólinn sinnt mörgum fjölbreyttum verkefnum, merkt gönguleið uppá Búrfell, útbúið sleðabrekku við Kerhólsskóla, tekið til hendinni við grenndarstöðvar, gróðursett tré, undirbúið íþróttahúsið fyrir Grímsævintýri og hjálpað til við fegra sveitarfélagið með því að reita arfa og slá gras.

Til að fagna góðu vinnusumri fóru krakkarnir í loka ferð til Reykjavíkur þar sem þau fóru út að borða, lazertag og í Reykjavík Escape.

Guðmundur var umsjónarmaður vinnuskólans í sumar og má sjá hann í miðju myndarinnar ásamt Hrafnhildi, Kolbrúnu, Árna og Benóný (Bjarna vantar á myndina).

Sveitarfélagið vill þakka unglingunum fyrir vel unnin störf í sumar.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGARSVEITIN

Kerhólsskóli

Lausar stöður við Kerhólsskóla skólaárið 2022-2023.

Skólaliði í 60-100 % stöðu. Um er að ræða ræstingu á húsnæði grunnskóladeildar, gæslu í frímínútum og ef 100% staða þá bærast við leiðsögn í frístund.

Stuðningsfulltrúi í 60-100% stöðu.

Stuðningsfulltrúi aðstoðar kennara inni í bekk og ef 100% staða þá bætist við leiðsögn í frístund.

Í skólanum eru um sjötiú nemendur í frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðu og drífandi fólki með áhuga á skólastarfi.

Hæfniskröfur:

- Góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Áhugi á fræðslu og velferð barna.
- Góð íslenskukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknum um störfin skal fylgja skrá yfir meðmælendur.

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 1. ágúst 2022.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri í síma 480-5520 og

jonabjorg@kerholsskoli.is

Umsóknir sendist á netfangið

jonabjorg@kerholsskoli.is



Tökum að
okkur STÓR og
smá verk:

jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

VERZLUNIN
BORG

Opnunartími
1.maí - 1.september

Mánudag - fimmtudag

8:30 - 18:30

Föstudag


8:30 - 20:00

Laugardag

9:00 - 20:00

Þunnudag

10:00 - 18:00



Handverkskvöld

17.ágúst kl. 19:30

á Bókasafni Grímsnes- og
Grafningshrepps. Endilega kíkið og hafið með ykkur
handverk, öll velkomin.




Gönguleið á Búrfelli


Búið er að stika gönguleið á Búrfellið. Til þess að gera þetta mögulegt var fengin aðstoð frá vinnuhópi á vegum Landsvirkjunar til viðbótar við nemendur í vinnuskólanum hérna í sveitarfélaginu.

Ferðafélag Íslands hefur látið útbúa skilti sem er við rafmagnsmastur rétt austan við bæinn Búrfell þar sem gönguleiðin hefst. Á næstunni mun koma skilti sem sýnir hvar á að beygja inn að upphafi gönguleiðarinnar.

Vonandi verður þetta til þess hvetja fólk til að ganga á Búrfellið og njóta útivistarinnar og útsýnisins sem það býður upp á.



Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar frá og með 15. ágúst:

Mánudaga 15:00 til 17:00

Þriðjudaga 15:00 til 17:00

Miðvikudaga 10:00 til 12:00

Kvöldopnun:

- Miðvikudaginn 17. ágúst frá 19:30 til 22:00, Handverkskvöld, öll velkomin.

- Fimmtudaginn 25. ágúst frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2022

Bókasafnskort 18-66 ára

Árskort 1.500kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útláns gagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

Sumaropnun


Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



Tilkynningar frá Kerhólsskóla

Leikskóladeild Kerhólsskóla opnar eftir sumarfrí
mánudaginn 8. ágúst kl. 10:00.

Skólaþing grunnskóladeilda Kerhólsskóla verður
þriðjudaginn 23. ágúst kl 10:00 í Félagsheimilinu Borg.
Skólastarf hefst samkvæmt stundatöflu miðvikudaginn 24. ágúst.

Jóna Björg Jónsdóttir
Skólastjóri Kerhólsskóla



Styrktarreikningur
sveitarinnar er:
0586-26-456
kt. 490487-1319



Getraunanúmer UMF. Hvatar er

809

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í
getraunum



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Sorþirðudagatal 2022 Grímsnes- og Grafningshreppur

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28					

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Tunnur fyrir almennt sorp og lífrænan úrgang
Tunnur fyrir pappir og plast
Heyrúlluplast



www.gamafelagid.is

s. 577 5757

igf@igf.is

GRÍMSÆVINTÝRI

Á BORG 6. ÁGÚST



Grímsævintýri á Borg, 6. ágúst 2022

Tombóla, fjölskylduhátíð, markaður!



Fylgstu með viðburðinum á Facebook –

Grímsævintýri á Borg 2022

Kvenfélag Grímsneshrepps



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga –
fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2022

24. mars	Aðalfundur
30. apríl	Ársfundur SSK
2. maí	Vorganga í yndisskógi á Borg
14. maí	Kosningakaffi
24. maí	Vorfundur
2. júní	Vorganga og fögnuður í Mörkinni
10.-12. júní	Sumarþing NKF
16. júní	Heldriborgaraferð
17. júní	Fjallkonan
Júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
3.-5. ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
6. ágúst	Grímsævintýri
7. sept.	Hautfundur/Gróðursetning
28. okt.	Gímuball
Nóv.	Jólabingó
23. nóv.	Jólafundur



*Kæru félagskonur, endilega takið dagana
frá og merkið í dagatalið.*

Sumarblóm og kryddjurtir



Opið alla virka daga frá 10 - 16



Verið hjartanlega velkomin.

Bundið slitlag á heimreiðar

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samþykkt reglur um kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins við lagningu bundins slitlags á heimreiðar að lögbýlum. Fyrirkomulagið er þannig að Vegagerðin greiðir kostnað við undirbyggingu vegarins og helming efra burðarlags, en Grímsnes- og Grafningsshreppur ásamt ábúendum greiðir fyrir helming efra burðarlags og allan kostnað við klæðningu á veginn. Reglurnar sem gilda um verkefnið má finna á heimasíðunni www.gogg.is undir

Stjórnsýsla -> Reglur.

Athugið að ábúendur þurfa að skila inn umsókn fyrir 1. september ár hvert vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru árið eftir. Hægt er að senda póst á netfangið gogg@gogg.is fyrir nánari upplýsingar og til að sækja um.



Íþróttamiðstöðin Borg



Sumaropnun



MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA
10:00 - 21:30
FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA OG
SUNNUDAGA 10:00 - 18:00

HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN I LAUGINA
20 MÍNÚTUM FYRIR LOKUN

Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is